

## 1.2 Samræmi skólstarfsins við lögboðnar skyldur

<p><b>Þemu</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjárhagsleg stjórnun</li><li>• Samræmi skólstarfsins við lög og reglur og vilji til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti</li></ul>	<p><b>Yfirlit gæðagreinis</b></p> <p>Þessi gæðagreinin fjallar um hvernig skólinn uppfyllir lögboðnar skyldur. Hann beinir sjónum að mati á fjárhagslegri stjórnun sem er byggt á gögnum um fjárveitingar og meðferð fjármuna, einkum hversu vel þeir eru nýttir til að bæta námsumhverfi og skipulag náms nemenda. Hann tengist einnig mati á því hvernig skólinn bregst við lögboðnum fyrirmælum og aðgerðum skólans til að uppfylla lög og tryggja að þörfum allra nemenda sé mætt.</p>
<p><b>Dæmi um einkunnina 5</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjárhagsleg stjórn skólans tekur mið af forgangsverkefnum sveitarfélagsins og á landsvísu. Ákvarðanir okkar um fjármál endurspeglar þarfir skólans og nemenda hans. Þær hafa leitt til sýnilegra framfara í námi, kennslu og árangri nemenda.</li><li>• Við uppfyljum vel lögboðnar skyldur og viðmið um starfshætti sem yfirvöld menntamála og fagaðilar setja. Starfsfólk nemendur, foreldrar og aðrir samstarfsaðilar okkar þekkja hvers er vænst á þessum sviðum og taka þátt í að uppfylla lögboðnar skyldur.</li></ul> <p><b>Dæmi um einkunnina 2</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjárhagsleg stjórn skólans tekur ekki nægjanlegt mið af ráðleggingum og forgangsverkefnum sveitarfélagsins og á landsvísu. Fjárhagsáætlanir eru ekki fyrirliggjandi á réttum tíma og þær ekki uppfærðar sem hindrar frekari áform varðandi fjárhagsstjórnun. Í sumum tilfellum höfum við ekki stutt nægilega við forgangsverkefni sem leiða til aukins árangurs í námi nemenda og skólstarfsins í heild.</li><li>• Við uppfyljum ekki lögboðnar skyldur og viðmið um starfshætti eins og til er ætlast. Til dæmis verða stundum tafir á því að við uppfyljum og endurskoðum lög sem skipta máli. Nemendur okkar, foreldrar og aðrir samstarfsaðilar eru ekki alltaf virkir þátttakendur og þeim ekki kunnugt um hvaða þýðingu uppfylling á lögboðnum skyldum hefur.</li></ul>	